

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1982

23. júlí 1982.

721

Nr. 434.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 8. júlí 1982 um þorskveiðibann frá 25. júlí til 3. ágúst 1982.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Bann þetta tekur ekki til báta, sem eru 30 brúttórúmllestir og minni og stunda línu- og handfæraveiðar.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júlí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.